

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Selfossi, 27. mars 2023
Tilvísun: 2303575

Efni: Umsögn Matvælastofnunar – 31. mál.

Ísáð er til erindis dags. 17. mars sl. vegna þingsályktunar um tilfærslu dýraeftirlits frá Matvælastofnun til sjálfstæðs dýravelferðarsviðs.

I. Óskýrleiki í orðalagi tillögunnar.

Samkvæmt tillögunni mun Alþingi álykta að fela matvælaráðherra að undirbúa tilfærslu eftirlits með velferð dýra frá Matvælastofnun til sjálfstæðs dýravelferðarsviðs. Samhliða verði hugað m.a. að því að efla embætti yfirdýralæknis þannig að það geti unnið sjálfstætt að eftirliti, fræðslu, gagnasöfnun og faglegri stjórnsýslu varðandi dýravelferð, sem og að stjórnsýsla dýravelferðar verði óháð stjórnsýslu matvælaöryggis. Í greinargerð með tillögunni segir að með henni sé lagt til að eftirlit með velferð dýra verði fært til sjálfstæðs dýravelferðarsviðs sem geti sinnt yfirumsjón og samræmingu meðan Matvælastofnun eða annar aðili sjái um eftirlit og gagnasöfnun.

Áður en lengra er haldið er rétt að víkja að óskýrleika sem felst í tillögunni og hvert skuli stefna með málefni dýravelferðar. Þessi óskýrleiki veldur ákveðnum erfiðleikum við að veita umsögn um tillöguna, enda er framtíðarsýnin óljós og hægt að leggja margvíslegan skilning í þær tillögur sem koma fram.

- Hvað er átt við með flutningi eftirlits með dýravelferð frá Matvælastofnun til sjálfstæðs dýravelferðarsviðs?

Samkvæmt orðanna hljóðan er lagt upp með að færa eftirlitið frá Matvælastofnun til sjálfstæðs dýravelferðarsviðs án þess það sé skýrt nánar. Ef færa á eftirlitið frá Matvælastofnun má væntanlega ráða að hið sjálfstæða dýravelferðarsvið starfi ekki innan vébanda Matvælastofnunar. Eftir sem áður er í greinargerðinni vikið að því að eftirlit með velferð dýra verði fært til sjálfstæðs aðila sem getur sinnt yfirumsjón og samræmingu meðan Matvælastofnun eða öðrum aðila falið að sinna eftirliti og gagnöflun. Matvælastofnun á erfitt með að sjá hvernig þetta kemur heim og saman.

- Hvað er átt við með að efla embætti yfirdýralæknis þannig að hann geti unnið sjálfstætt að m.a. eftirliti og faglegri stjórnsýslu varðandi dýravelferðarmál?

Í greinargerðinni er vikið að því að athuga beri hvort færa þurfi embætti yfirdýralæknis að fullu til annars ráðuneytis og tryggja að embættinu sé skylt og kleift að sinna öllum dýravelferðarmálum jafnt, hvort sem um er að ræða villt dýr, húsdýr eða gæludýr. Skilja má orðlag í tillögunni og greinargerðinni þannig að embætti yfirdýralæknis sé sérstök stofnun sem þurfi að styrkja, eins og segir í tillögunni, til að það geti unnið sjálfstætt að m.a. eftirliti og faglegri stjórnsýslu varðandi dýravelferð. Þrátt fyrir að starfsheitið yfirdýralæknir hafi lögbundnar skyldur, hefur embætti yfirdýralæknis ekki verið til frá því að það var sameinað nokkrum stofnunum landbúnaðarins undir heitinu Landbúnaðarstofnun, sbr. lög nr. 80/2005.

Landbúnaðarstofnun var síðar sameinuð við matvælaeftirlit Umhverfisstofnunar og Fiskistofu undir heitinu Matvælastofnun, sbr. lög nr. 167/2007.

Matvælastofnun starfar skv. lögum nr. 30/2018 og skal með starfsemi sinni stuðla að neytendavernd, heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Samkvæmt 3. gr. skiptist stofnunin í svið eftir viðfangsefnum. Ræður forstjóri sviðsstjóra yfir hvert svið, en ráðherra skipar þó sviðsstjóra yfir sérstöku sviði sem fer með málefni dýrasjúkdóma og varna gegn þeim og dýravelferðar. Sá sviðsstjóri skal vera dýralæknir að mennt og nefnast yfirdýralæknir, en hann er embættismaður samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í reglugerð nr. 646/2020 um skipulag og starfsemi Matvælastofnunar segir jafnframt að forstjóri ákvarði hvernig einstökum viðfangsefnum stofnunarinnar er skipt milli sviða og annarra starfseininga í samræmi við skipurit hennar, en í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 30/2018 skipar ráðherra þó sviðsstjóra þess sviðs sem fer með málefni dýrasjúkdóma og varna gegn þeim og dýravelferðar. Ljóst er því að hlutverk yfirdýralæknis er skýrt og veitir hann skv. framansögðu forstöðu yfir þeim starfseiningum Matvælastofnunar sem vinna að dýrasjúkdómum og velferð dýra, í skipuriti stofnunarinnar kemur fram að hann ber faglega ábyrgð á málaflokkum er varða heilbrigði og velferð dýra, súna, lyfjaónæmis og málefni dýralækna og dýrahjúkrunarfræðinga. Yfirdýralæknir er því einn af starfsmönnum Matvælastofnunar.

Felur fyrirbyggjandi tillaga í sér að verið sé að fara aftur til þess tíma þegar Embætti yfirdýralæknis var sérstök stofnun sem hafði yfirgrips miklar valdheimildir og eftirlitsskyldur? Er þá ætlunin að setja aftur á laggirnar Embætti yfirdýralæknis og færa þá starfsmenn sem störfuðu hjá embættinu, þ.m.t. héraðsdýralækna, eftirlitsdýralækna og sérgreinadýralækna, aftur undir það? Af lestri tillögunnar verður ekki ráðið hvert er stefnt.

II. Almennar athugasemdir við efni tillögunnar.

Hvað varðar yfirfærslu á verkefnum tengdum dýravelferð frá Matvælastofnunar til annarra aðila, þá telur stofnunin að slíkar tilfærslur séu ekki til þess fallnar að auka hlut dýravelferðar í landinu. Matvælastofnun bendir á að erfitt er að skilja á milli matvælaöryggis, dýraheilbrigðis og dýravelferðar. Þessir þættir eru samofnir, bæði þegar kemur að eftirliti, sérfræðipækkingu, úrvinnslu álitafna og öðrum stjórnsýsluverkefnum sem þeim tengjast. Þannig er heilbrigði dýra þegar litið er heilstætt yfir málaflokkinn, mikilvægasti þátturinn í matvælaöryggi og velferð dýra og gefur bestu heildarmyndina yfir líðan þeirra. Þá verður ekki komist hjá því að benda á að mikill fagleg þekking og reynsla er innan Matvælastofnunar á málefnum dýravelferðar. Hjá stofnuninni starfa fjölmargir einstaklingar með mikla sérmenntun og langa starfsreynslu er lúta að matvælaöryggi, heilbrigði og velferð dýra. Hér koma bæði til héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar og dýraeftirlitsmenn. Auk þess sinna sérgreinadýralæknar mikilvægu hlutverki við að miðla þekkingu, samræma eftirlit, skilgreina skoðunatriði og rýna þau gögn sem verða til, þannig að hægt sé að koma úrbótum til framkvæmda. Að skilja eftirlit og stjórnsýslu með dýravelferð frá dýraheilbrigði og matvælaöryggi yrði að mati stofnunarinnar mikil afturför og með því myndi tapast yfirsýn og geta til að taka heilstætt á vandamálum sem koma upp við matvælaframleiðslu og dýrahald, hvort sem það lýtur að heilbrigði eða dýravelferðarpáttum.

Þrátt fyrir að Matvælastofnun fagni því að málefni dýravelferðar séu sett á oddinn getur stofnunin ekki fallist á að eftirlit með dýravelferð sé verulega ábótavant eða að hagsmunir varðandi matvæli og dýravelferð fari ekki saman eða að ójafnvægi hafi skapast í störfum stofnunarinnar. Ef vilji er til að stórefla hlut dýravelferðar í stjórnsýslunni telur stofnunin að slíkt verði fyrst og fremst gert með því að auka fjármagn til málaflokksins. Það breytir engu hver fer með stjórnsýsluhlutverk í málaflokknum, eftirlit, fræðslu, gagnöflun, rannsóknir, rýni, samræmingu, úrvinnslu frávika o.s.frv. ef fjármagnið er að skornum skammti og mannauður takmarkaður. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að horfa til þess að efla stjórnsýslu með dýravelferð, en slíkt verður ekki gert með því að slíta stofnunina í sundur. Frekar en að dreifa slagkrafti varðandi málefni dýravelferðar, eins og lagt er til í tillögunni ætti að efla þessa þætti innan stofnunarinnar með meiri mannafla

- enda er ljóst að stærri og öflugri starfseining er betur til þess fallinn að takast á við erfið mál en smærri stofnun og dreifðar einingar.

Hvað varðar auknar valdheimildir þá fagnar stofnunin þeim tillögum sem snúa að því að auka valdheimildir til að takast á við tilvik þar sem lög og reglur um velferð dýra eru brotin. Fyrir liggur að stofnunin hefur í dag nokkuð ítarlegar valdheimildir til slíks, en ljóst er að tilefni er til að meta þau úrræði sem staðið hafa óbreytt frá setningu laganna frá 2013 og skoða hvort breytinga er þörf á löggjöfinni hvað þennan þátt varðar.

III. **Þróun og uppbygging á eftirliti með velferð dýra.**

Í ljósi tillögunnar telur stofnunin rétt að lýsa fyrirkomulagi, þróun og uppbyggingu á eftirlit með starfsemi þar sem dýr eru haldin. Matvælastofnun sinnir reglubundnu eftirliti með öllum búfénaði hérlendis. Í þeim tilgangi að meta eftirlitsþörf hjá frumframleiðendum og öðrum sem halda dýr hefur Matvælastofnun gefið út áhættuflokkunarkerfi. Áhættuflokkunin segir til um þörf reglubundins eftirlits með dýrahaldi, sett fram í tíðni eftirlits, þ.e. reglubundið eftirlit á hverju ári, annað, þriðja, fjórða og fimmta hvert ár. Áhættan er metin út frá dýravelferð annars vegar og matvælaöryggi hins vegar. Þættir sem metnir eru vegna dýravelferðar eru:

- Eigið eftirlit (hætta á skorti eigin eftirlits dýrahaldara)
- Þéttleiki
- Eðlilegt atferli (hætta á að dýr geti ekki sýnt eðlilegt atferli)
- Skortur á umhirðu
- Sjúkdóma- og slyshætta
- Sýnileiki (sýnilegt almenningi)

Þættir sem metnir eru vegna matvælaöryggis eru:

- Örverur (hreinklæti)
- Sveppæiturefni
- Lyfjaleifar

Hverjum þætti er gefið áhættustig og þannig fæst heildarfjöldi áhættustiga fyrir mismunandi tegundir dýrahalds, áhættustigunum er svo varpað yfir í tíðni eins og fyrr er getið og lýst er í áhættuflokkunarkerfinu.

Með lagabreytingu 2013 færðist búfjárefnirit sveitarfélaga yfir til Matvælastofnunar frá og með 1. janúar 2014, en það eftirlit tók til sauðfjár, hrossa, loðdýra og nautgripa til kjötframleiðslu (án mjólkurframleiðslu). Fyrir lagabreytingu störfuðu hjá sveitarfélögum alls 42 búfjárefniritismenn, flestir í hlutastarfi og reiknaðist Matvælastofnun það til að um 11-12 stöðugildi væri að ræða. Stofnunin óskaði því eftir að fá fjárheimildir fyrir sama fjölda stöðugilda við yfirfærslu verkefnisins, en stofnunin fékk aðeins helming stöðugilda, alls sex. Vegna gríðarlegs álags við eftirlit með gæludýrahaldi á Suðvestur horni landsins fjölgaði stofnunin um einn starfsmann árið 2019 og tók það af eigin rekstri, í dag starfa sjö dýraeftirlitsmenn hjá stofnuninni, þar af einn í hálfu starfi. Auk dýraeftirlitsmanna starfa eftirlitsdýralæknar hjá Matvælastofnun, en þeir sinna aðallega eftirliti með dýrahaldi gæludýra, svína, alifugla og nautgripa í mjólkurframleiðslu. Dýralæknar stofnunarinnar sinna jafnframt öðrum störfum, s.s. ig eftirliti í sláturhúsum, verkefnum tengd dýrasjúkdómum o.fl. Við skipulag framkvæmdar eftirlits Matvælastofnunar með dýrahaldi þarf að taka til fleiri atriða en reglubundins eftirlits. Bregðast þarf við ábendingum um illa meðferð dýra, en árlega berast stofnuninni mikill fjöldi ábendinga. Ljóst má vera að fylgja verður eftir kröfum um úrbætur. Skýrsluskrif eftir slíkar heimsóknir taka óumflýjanlega lengri tíma auk þess sem tími fer í ákvarðanatöku og framkvæmd þvingana. Í ljósi þess að takmarkaður mannauður er til að sinna eftirliti með dýrahaldi hefur stofnunin forgangsraðað opinberu eftirliti með velferð dýra á eftirfarandi hátt:

1. Alvarlegar ábendingar um illa meðferð á dýrum
2. Eftirfylgni alvarlegra frávika
3. Eftirlit á bæjum þar sem forsaga er óþekkt
4. Eftirfylgni frávika

5. Reglubundið eftirlit samkvæmt áhættuflokkun

Matvælastofnun hefur lagt ríka áherslu á að fylgja eftir kröfum um úrbætur sem fram koma í eftirliti með velferð dýra og reynt eftir fremsta megni að samræma veitingu fresta til úrbóta, samræma viðbrögð um land allt og á milli dýrategunda ef úrbætur eru ekki gerðar. Fyrsta og mildasta þvingun sem Matvælastofnun beitir, er að gera kröfu um úrbætur og gefa frest til þess. Í flestum tilvikum er orðið við því, ef ekki þá fylgir Matvælastofnun málum kerfisbundið eftir. Undirstaðan er samræming verklags með útgáfu gæðaskjala sem fjalla um framkvæmd eftirlits (vinnulýsingar og skoðunarhandbækur) og teymisvæðing eftirlitsfólks, þannig að fagleg skoðanaskipti meðal eftirlitsfólks og leiðbeiningar sérfræðinga hefðu formlegan farveg.

Verkefni sem sneru að dýravelferð voru ærin fyrstu árin eftir að ný lög nr. 55/2013 um velferð dýra tóku gildi. Á þeim átta árum sem liðin eru frá gildistöku nýrra laga hafa reglur um dýravelferð og verklag fest sig í sessi og svigrúm hefur skapast til að gera breytingar á skipulagi stofnunarinnar á þann veg að færa meiri ábyrgð varðandi dýravelferð til sérgreinadýralækna. En Matvælastofnun skal, skv. lögum nr. 66/1998, eftir þörfum ráða sérgreinadýralækna til að sinna verkefnum m.a. á sviði sóttvarna, dýravelferðar, dýrallyfja, dýraheilbrigðis og heilbrigðis dýraafurða. Sérgreinadýralæknar vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, forvarnastarfi og eftirliti með framkvæmd sóttvarnaaðgerða. Sérgreinadýralæknar hafa frumkvæði að sýnatökum, rannsóknum og öðrum aðgerðum til að stuðla að heilbrigði og velferð dýra og öryggi búfjárafurða. Þá er sérgreinadýralæknir sem er ábyrgur fyrir gæludýrum, loðdýrum, villtum dýrum og tilraunadýrum.

Þannig öðlast sérgreinadýralæknir dýrategundar betri og heildstæðari yfirsýn yfir sína dýrategund, enda er gott heilbrigði og góð velferð undirstaða góðrar heilsu hvers dýrs. Með nýlegri skipulagsbreytingu færðust mannauðsverkefni af yfirdýralækni, en eins og áður er getið ber hann hins vegar áfram faglega ábyrgð á málaflokkum er varða heilbrigði og velferð dýra, súnur, lyfjaónæmi og málefni dýralækna og dýrahjúkunarfræðinga og vinnur náið með öðrum sviðum stofnunarinnar. Áhersla yfirdýralæknis er núna fagleg málefni, s.s. stefnumörkun fyrir landið í heild í málefnum sem falla undir ábyrgð hans. Hann er hluti yfirstjórnar og staðgengill forstjóra og er honum ætlað að hafa virka tengingu og samvinnu við innlendar sem erlendar stofnanir á málefnasviði sínu, auk innlendra félagasamtaka. Málaflokkurinn dýravelferð er því í dag í höndum yfirdýralæknis og viðkomandi sérgreinadýralækna en yfirdýralæknir er ábyrgur fyrir því að Ísland fylgist með, sé upplýst um þekkingu og breytingar sem eiga sér stað erlendis, en það gerir hann með beinum og óbeinum hætti, þ.e. með hjálp sérgreinadýralækna.

Við gildistöku laga nr. 55/2013 um velferð dýra var efnt til heildarendurskoðunar á öllum reglugerðum um velferð sérhverrar dýrategundar og var viðkomandi sérgreinadýralæknir að jafnaði formaður þeirrar nefndar sem skrifaði nýja reglugerð. Fyrstu árin var sérstakur sérgreinadýralæknir dýravelferðar í hálfu starfi, verkefni hans hafa nú verið færð til sérgreinadýralækna viðkomandi dýrategunda, en hann gætti samræmis reglugerðaákvæða á milli dýrategund, auk þess sem hann hafði yfirumsjón með verklagi tengt reglum um velferð dýra við aflifun í sláturhúsum og flutningum dýra, óháð dýrategund. Framsetning og utnumhald menntunar- og réttindamála starfsfólks sláturhúsa var einnig á herðum hans, auk þess sem hann vann ótullega að uppsetningu kerfis til að leggja mat á refsibrot á lögum um velferð dýra, sem er undirstaða sektarupphæða stjórnvaldssekta. Þá er ótalið mikið framlag í kynningu á málefnum dýravelferðar með tilkomu nýrra laga, bæði innanlands sem utan. Óhætt er að fullyrða að mikið hefur áunnist hér á landi með nýrri löggjöf (lög og reglugerðir), markvissri fræðslu og kynningu á málefnum dýravelferðar í fjölmiðlum sem leitt hefur af sér vitundarvakningu og virkrar umræðu í samfélaginu.

Varðandi gæludýr þá felst ávinningurinn fyrst og fremst í aukinni þekkingu og meðvitund um ýmis ákvæði, svo sem bann við tjóðrun, rafmagnshálsólum, ofbeldi sem óásættanleg þjálfunaraðferð, geymsla á hundum í búrum og bílum sé ekki í lagi osfrv. Áhrifin sjást einnig í mikilli aukningu ábendinga frá almenningi.

Varðandi villt dýr, þá eru framfarir bæði hvað varðar umræðu og þekkingu á að sveitarfélögum sé skylt að bregðast við villtum/hálfvilltum dýrum í neyð og þar er mikil bót á sem rekja má til afskipta/samskipta

Matvælastofnunar í formi bréfa og símtala. Nýlega var sett á laggirnar dýraþjónusta Reykjavíkur í samvinnu við nágrannasveitarfélög og góð samvinna hefur skapast við Matvælastofnun. Flestum er nú ljóst að ekki er heimilt að taka villt dýr úr náttúrunni sér til afþreyingar eða hagnaðar. Góð samvinna hefur einnig skapast við aðrar stofnanir, sveitarfélög, lögreglu og Landhelgisgæsluna varðandi strand hvala, nú er lipurt ferli viðbragða þegar lifandi hvalir stranda. Varðandi tilraunadýr þá er orðin betri þekking á reglum og kröfum um leyfisskyldu tilraunadýrastöðva og dýratilrauna. Í loðdýraeldi hefur fyrst og fremst orðið framför í aukinni þekkingu með fræðslu Matvælastofnunar, allir sem koma að aflifun hafa nú lokið námskeiði, eru skráðir hjá stofnuninni og fengið hæfisskríteini. Einnig hefur greinin sjálf bætt velferð loðdýra, en flestir bændur eru þátttakendur í WELFUR sem hefur einnig með þeim eftirlit.

Í alifuglaeldi hafa orðið miklar framfarir sem rekja má beint til bættrar löggjafar. Sett voru ákvæði fyrir varphænsnahald í lausagönguhúsum, sem áður voru ekki til, nú eru ákvæði um leyfilegan þéttleika, kröfur um setprik og lágmarksstæði gilda í húsum með pallakerfi svo eitthvað sé nefnt. Mun strangari kröfur gilda nú um aflifun alifugla á búum, nú er einungis heimilt að aflífa (snúa úr háslíð) að undangenginni deyfingu, þ.e. dýrið er svipt meðvitund áður. Ákvæði sem snúa að dritbruna á fótum kjúklinga hafa stórbætt aðbúnað og líðan þeirra, því dritbruni er nátengdur aðbúnaði og umhirðu, svo sem loftgæðum, fóðrun, ljósaþyrtingu og þéttleika. Þéttleiki í kjúklingaeldi hefur einnig verið lækkaður. Að tilstuðlan Matvælastofnunar með fræðslu og samtali auk fræðslu erlendra ræktenda hefur nú lagst af að kambklippa hana af hvítum varphænsnastofni, en því var að mestu hætt hér á landi árið 2019. Áður var kamburinn á dagsgömlum hönum fjarlægður með skurði án deyfingar. Í kjölfar nýlegra rannsókna og aukinnar þekkingar eru foreldrahanar kjúklinga ekki lengur tákliptir, en áður fyrr var það talið nauðsynlegt vegna velferðar hæna við þörun. Afturvísandi tá af dagsgömlum hönum, var áður klippt af án deyfingar. Stofnræktendur höfðu sjálfir frumkvæðið að þessar jákvæðu breytingu. Í reglugerð var lagt á bann við varphænsnahald í hefðbundnum búum til og með árinu 2021. Sá frestur hefur reyndar tvívegis verið framlengdur af hálfu ráðuneytisins og er núna til 30. júní 2023, í þessu efni er Ísland á eftir nágrannalöndum sínum.

Í svínahaldi hefur einnig margt áunnist með bættri löggjöf. Hæst ber aflögn geldingar grísa með skurði án deyfingar, Ísland er í fararbroddi heimsins í þessu efni. Matvælastofnun framfylgdi ákvæðinu sem skyldaði deyfingu fyrir skurðaðgerð, það fólst í því að dýralæknar staðdeyfðu og framkvæmdu geldinguna með skurðaðgerð. Deyfingin ein og sér veldur sársauka og ótta hjá dýrinu og gelding með skurði er aðgerð og ekki víst að staðdeyfingin taki allan sársauka í öllum tilvikum. Með fræðslu Matvælastofnunar í formi funda og samtala tókst að sannfæra bæði bændur og neytendur um að bólusetning gegn galtarlykt hefði sömu áhrif á gæði kjöts og gelding með skurðaðgerð. Matvælastofnun beitti sér innan svínaræktarinnar og hjá Neytendasamtökum, hélt fræðsluerindi um virkni bóluefnisins og hvað bólusetning myndi stórbæta velferð karlkyns grísa, því þá yrði hægt að leggja af geldingar með skurði. Nú er bólusetting með stungu í hálsvæði (tvisvar-þrisvar) sem er mun minna inngríp en gelding. Jákvæð breyting hefur orðið á gyltnahaldi undanfarin ár, nú er meirihluti gyltna í lausagöngu en áður var það minnihluti og flestar gyltur eru nú í lausagöngu á geldstöðutíma. Þessar breytingar munu taka tíma því þær krefjast breytinga á byggingum og jafnvel nýbygginga. Breyting á reglugerð um velferð svína gaf svínabændum frest til 1.1.2025 til þess að breyta búum sínum þannig að allar gyltur séu í lausagöngu. Sum bú hafa þegar byggt nýjar stíur fyrir gyltur eða hafa hafið framkvæmdir, önnur eru á frumstigum nýbygginga. Að auki hefur sú jákvæða breyting átt sér stað, að nú nota bú landsins umhverfisauðgun fyrir svín (efni til að róta og krafsa í) en áður var það undantekning að slíkt efni væri notað.

Umhirða og aðbúnaður hrossa hefur almennt batnað með þeirri löggjöf sem nú er í gildi hvort sem litið er til hrossa sem haldin eru á húsi eða á útigangi, þau notuð til ræktunar, reiðar eða keppni. Fræðsla hefur verið stóraukin og má nefna ítarlega fræðslugrein um velferð hrossa á útigangi sem dæmi þar um. Stofnunin hefur komið að umfangsmiklum rannsókna- og þróunarverkefnum sem snúa að heilbrigði og velferð íslenska hrossastofnsins. Matvælastofnun hefur lagt sérstaka áherslu á bætt meðferð keppnishrossa og þróaði fyrirkomulagið "Klár í keppni" fyrir heilbrigðisskoðanir keppnishesta á stórmótum. "Klár í keppni" felur í sér hnitmiðaða skoðun á munni, fótum og hreyfingum hestsins auk almenns ástands og hefur undangenginn áratug náð til hesta í öllum keppnis- og sýningagreinum í fullorðinsflokkum og í

ungmennaflokkki. Þau gögn hafa lagt grunn að áhættumiðuðu eftirliti og tekur Matvælastofnun ákvörðun fyrir hvert landsmót hvar áherslan liggur hverju sinni.

Hrossahald til blóðnytja varð tilkynningaskyld með gildistöku reglugerðar um velferð hrossa (910/2014) og hefur utanumhald og eftirlit með því hrossahaldi verið í forgangi hjá stofnuninni frá þeim tíma. Fullyrða má að eftirlitið hafi skilað árangri þar sem tíðni frávíka er nú áberandi lægra í þessu hestahaldi samanborið við reiðhestahaldið. Þá hefur stofnunin útbúið sérstakan gátlista fyrir sjálfa blóðtökuna og byggir ný reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum (900/2022) á þeirri vinnu.

Reglugerð um velferð nautgripa kom fram árið 2014 og var hún síðan uppfærð með breytingareglugerð árið 2022. Miklar framfarir hafa orðið í velferð nautgripa, kröfur um rými voru auknar og sett tímamörk á það hvenær öll bú sem eru í mjólkurframleiðslu þyrftu að vera komin með lausagöngu. Tímamörkin voru sett við árið 2034, en bændur hafa brugðist mun hraðar við og er nú svo komið að stór hluti mjólkurframleiðslunnar fer fram í lausagöngufjósum. Rýmiskröfur í uppeldi voru auknar og þeim fylgt eftir. Gerðar eru auknar kröfur um almenna velferð á búum sem halda nautgripi og notast við staðlaða velferðarvísa í öllu eftirliti með sérstaka áherslu á holdafar, hreinleika, holti og sár. Settar voru kröfur um útivist nautgripa, bæði hvað varðar tímalengd og einnig er krafa um að tryggja skuli beit á grænu grasi. Jafnframt að gripir sem eru á útigangi hafi aðgang að skjóli sem er þrír veggir og þak. Með nýrri reglugerð er gerð sú krafa að allar aðgerðir sem eru sársaukafullar s.s. afhornun eða geldingar séu framkvæmdar af dýralæknum og í deyfingu.

Gerðar eru auknar kröfur um velferð sauðfjár og geita í reglugerð um velferð sauðfjár og geita frá 2014. Skv. reglugerðinni skal eigandi sýna fram á að hann geti hýst allt sitt fé sé þess þörf. Einnig er nú gerð krafa um að sauðfé og geitum sé tryggður aðgangur að vatni í húsum á meðan þau eru á innistöðu. Gerðar eru auknar kröfur um legusvæði og að dýrunum sé tryggður aðgangur að beit í 12 vikur hið minnsta. Sársaukafullar aðgerðir s.s. afhornun eða geldingar skulu framkvæmdar af dýralækni.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

Viktor S. Pálsson